Þriðjudaginn 29. október 1996.

Nr. 311/1995. **Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra f. h. íslenska ríkisins**
(Jón G. Tómasson hrl.)
gegn
Elsu Smith
(Andri Árnason hrl.)
og gagnsök

Endurupptaka. Gagnaöflun. Læknaráð.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Hinn 23. september 1991 gekkst gagnáfrýjandi undir aðgerð á lýtalækningadeild Landspítalans í Reykjavík. Fólst hún í því, að brjóst hennar voru minnkuð til að létta á þeim, en hún hafði um skeið búið við stoðkerfisvandamál vegna verkja og óþæginda í herðum og baki. Þá fór aðgerðin einnig fram í fegrunarskyni. Við aðgerðina blæddi gagnáfrýjanda töluvert, og blóðrauði lækkaði verulega. Var henni gefið blóð þessa vegna um það bil sólarhring eftir aðgerðina. Framvindu aðgerðarinnar og afleiðingum hennar er nánar lýst í hinum áfrýjaða dómi og gögnum málsins, en gagnáfrýjandi þurfti síðar að gangast undir fleiri aðgerðir.

Hinn 24. nóvember 1992 mat Júlíus Valsson tryggingayfirlæknir varanlega örorku gagnáfrýjanda vegna aðgerðarinnar 15%. Sigurður Thorlacius, sérfræðingur í heila- og taugasjúkdómum, komst að sömu niðurstöðu 1. júní 1995. Í málinu liggja fyrir álit ýmissa aðila, þar á meðal landlæknis, stjórnar læknaráðs Landspítalans, læknanna Árna Björnssonar og Ólafs P. Jakobssonar og nefndar um ágreiningsmál samkvæmt lögum nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.

Í máli þessu hefur gagnáfrýjandi gert kröfu um skaðabætur vegna umræddrar aðgerðar. Málið var flutt munnlega hér fyrir dómi 9. þessa mánaðar. Áður en dómur verður á lagður, þykir rétt að endurupptaka málið samkvæmt 104. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 166. gr. sömu laga. Með vísan til 1. og 2. mgr. 2. gr.,

1. mgr. 4. gr. og 4. mgr. 6. gr. laga nr. 14/1942 um læknaráð er rétt að leggja fyrir aðila að æskja þess, að ráðið láti í té rökstutt álit um eftirfarandi atriði:

1. Telur læknaráð, að við aðgerðina hafi verið beitt viðurkenndum aðferðum?
2. Telur læknaráð, að skurðaðgerðin hafi verið viðameiri en óhjákvæmilegt var?
3. Telur læknaráð, að mælingar á blóðrauða gagnáfrýjanda eftir aðgerðina hafi gefið skýra vísbendingu um, að rétt hafi verið að gefa henni blóð þegar í stað eða síðar sama dag?
4. Hafði dráttur á blóðgjöf áhrif á endanlegan árangur aðgerðarinnar?
5. Telur læknaráð, að þær umbúðir, sem settar voru á gagnáfrýjanda eftir aðgerðina, hafi aukið hættu á umfangi vefjadauða?
6. Fellst læknaráð á niðurstöðu læknanna Júlíusar Valssonar og Sigurðar Thorlacius um varanlega örorku gagnáfrýjanda vegna aðgerðarinnar? Ef ekki, hver telst þá rétt metin örorka?

Á l y k t a r o r ð:

Lagt er fyrir aðila að afla rökstuddrar álitsgerðar læknaráðs um framangreind álitaefni.